

Ed.

790. Frumvarp til laga

[109. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. apríl.)

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til atvinnurekenda, verkalyðsfélaga og meðlima þeirra í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúum eða fleiri, svo og til atvinnurekenda og meðlima verkalyðsfélaga í sveitarfélögum, sem fámannari eru, ef þar er starfandi verkalyðsfélag, sem nær til kaupstaða eða kauptúna, sem telja 300 íbúa eða fleiri. Ákvæði laganna taka og til allra erlendra verktaka, sem hafa með höndum framkvæmdir hér á landi. Ráðherra getur ákveðið, að löginn taki til annarra staða, ef verkalyðsfélög og atvinnurekendur þar óska þess og hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með því.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú stundar meðlimur verkalyðsfélags að hluta sjósókn á eigin fari, en vinnur að öðru leyti í þjónustu gjaldskyldra atvinnurekenda, og er hann þá gjaldskyldur með sama hætti og atvinnurekendur skv. 1. og 2. mgr. af vinnu í eigin þágu. Hver róðrardagur telst sem einn vinnudagur, þegar gjald er reiknað. Bótaréttur viðkomanda skv. öðrum ákvæðum laganna skal ákváðaður á sama grundvelli.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.